

Úr fórum föður míns

Þorvaldur Gylfason

Ég reifaði hér í *Tímariti Máls og menningar* haustið 2010 tilurð og afdrif sönglags föður míns, Gylfa Þ. Gíslasonar, við kvæði Halldórs Laxness, „Íslenskt vögguljóð á Hörpu“, og birti lagið í fyrsta sinn í nýrri raddsetningu handa blönduðum kór.¹ Kór Íslensku óperunnar frumflutti lagið í þessum nýja búningi undir stjórn Garðars Cortes í Hátíðasal Háskóla Íslands 27. desember 2010 við afhjúpun brjóstmyndar af Gylfa eftir Erling Jónsson myndhöggvara.

Þetta var annað þeirra laga, sem Gylfi söng og spilaði oftast fyrir okkur bræðurna, þegar við vorum að vaxa úr grasi, og síðar fyrir barnabörnin.

Grýlukvæði Grímseyinga

Hitt lagið, sem Gylfi söng og spilaði oftast með okkur, var vísnalag hans við „Grýlukvæði Grímseyinga“ eftir Einar Ásmundsson í Nesi.

Gylfi lýsir tildrögum sjálfur í minningarritgerð sinni um Bjarna Benediktsson forsætisráðherra 1983:²

Þannig var, að Pétur Pétursson biskup hafði skipað séra Odd Gíslason prest í Grímsey, en þá hafði biskup rétt til að skikka presta til að gegna lausum prestaköllum. Séra Oddur skoraðist undan því að taka skipuninni, bar við heilsufarsástæðum og lagði fram vottorð frá Jóni Hjaltalín landlækni. Var í vottorðinu látið að því liggja, að ekki væri hollt að búa í Grímsey. Þetta fréttist, og reiddust Norðlendingar. Sætti landlæknir ámæli fyrir vottorðið í *Þjóðólfi* í september 1861, en hann svaraði í *Íslendingi* í október og sagði þar, að Grímseyingar væru „aumingjar“ og Grímsey „eyðisker“. Taldi Hjaltalín það „ótiltækilegt fyrir nefndan kandidat að fara á þennan stað“, ekki sízt fyrir „þann mann, er áður hefur verið heldur heilsulínur“. Norðlendingar tóku upp hanzkann fyrir Grímsey, og urðu fjörug blaðaskrif um málið, þar sem m.a. var vitnað til alkunnra ummæla Einars Þveræings um Grímsey. Í grein í *Norðanfara* 1863 segir m.a. að „landregin ... hafi hrokkið upp við dómadagsritgjörð Hjaltalíns“ og „séð í sýn, hvar Hjaltalín fór norður „kaldan Kjöl“ með hrip á baki ... (og) mundi hann ætla sér að sækja Grímseyinga og bera til lands.“ Af þessu tilefni var ort „Grýlukvæði Grímseyinga“ ... Móðir í Grímsey syngur við son sinn. Faðir drengsins hefur róið til lands í kaupstaðarferð, og á kona hans von á honum næsta dag. Kvæðið er svona:

Einatt hef ég horft í land,
og hrædd er ég um skipið,
að það sigli upp í sand
eða hreppi meira grand
og reki sig á hann Hjaltalín með hripið.

¹ Þorvaldur Gylfason (2010), „Íslenskt vögguljóð“, *Tímarit Máls og menningar*, 71. árg., 3. hefti, september, bls. 93-95. Kvennakór Háskóla Íslands undir stjórn Margrétar Bóasdóttur flutti lagið að nýju á 100 ára afmæli Háskólans í Hörpu 9. október 2011. Ríkissjónvarpið sýndi dagskrána.

² Gylfi Þ. Gíslason (1983), „Mótherji – samherji“, í *Bjarni Benediktsson í augum samtíðarmanna*, Ólafur Egilsson annaðist útgáfuna, Almenna bókafélagið, Reykjavík, bls. 183-208.

Fyrir *Tímarit Máls og menningar*
1. ágúst 2011. Ný gerð 30. júlí 2013.

Heyrt hef ég að Hjaltalín
hafi börnin gripið.
Hrúgar hann þeim í hripin sín,
hljóðaðu ekki, elskan mín,
því annars kemur hann Hjaltalín með hripið.

Hafið veður Hjaltalín;
hann á ekkert skipið.
Blessuð litlu börnin mín
bera vill hann heim til sín.
Æ, slæmur er hann Hjaltalín með hripið.

Hér skaltu ekki, Hjaltalín,
hjá mér neitt fá gripið.
Blessuð litlu börnin mín
berðu aldrei heim til þín.
Æ, vertu á burtu, Hjaltalín, með hripið.

Hættu að gráta, Mangi minn,
á morgun kemur skipið.
Færir þér hann faðir þinn
fíkjurnar og sykurinn.
En ekki kemur hann Hjaltalín með hripið.

Gylfi söng lagið oft fyrir sonarson sinn Benedikt Vilmundarson, þriggja ára gamlan. Árið var 1969. Gylfi heldur áfram:

En þessar vísur allar og lagið hafði drengurinn lært, lét mig spila það oftár fyrir sig en nokkuð annað og söng kvæðið, einkum síðustu vísuna, og vildi þá gjarnan hafa læknatalið á nótnabrík píanósins opið þar sem er mynd af Jóni Hjaltalín. Við útför þeirra Bjarna, Sigríðar og Benedikts í Dómkirkjunni í júlí 1970 léku þeir Pétur Þorvaldsson og Ragnar Björnsson þetta lag á selló og orgel í útsetningu Jóns Þórarinssonar tónskálds. Það var nefnt „Barnagæla“ án nokkurrar skýringar.

Þessa útsetningu hef ég stuðzt við í raddsetningu lagsins fyrir blandaðan kór, sem birtist hér.

Hanna litla

Lagið „Hanna litla“ eftir Þangbrand Þorsteinsson við ljóð Tómasar Guðmundssonar heyrðist stundum í útvarpinu, þegar ég var strákur á sjötta áratugnum, síðasta lag fyrir fréttir. Fáir vissu, að lagið var eftir Gylfa, enda gekkst hann ekki opinberlega við þessari tómstundaiðju sinni fyrr en um fimmtugt. Lagið samdi hann á menntaskólaárunum, sennilega í fimmta bekk veturinn 1934-1935, ef ég man rétt. Þetta lag er, að ég hygg, elzt þeirra laga, sem hann sendi frá sér. Leikbræður hljóðrituðu lagið 1954 í útsetningu Carls Billich. Skúli Halldórsson tónskáld útsetti lagið fyrir söngrodd og píanó. Erlingur Vigfússon óperusöngvari söng þá gerð inn á hljómplötu, Ólafur Vignir Albertsson lék með á píanó. Síðar útsetti Jón Þórarinsson lagið upp á nýtt fyrir söngrodd og píanó og fann á því nýjar hliðar. Garðar Cortes óperusöngvari söng þá gerð inn á hljómplötu, Ólafur Vignir Albertsson lék enn með á píanó. Róbert Arnfinnsson leikari söng lagið einnig inn á hljómplötu í útsetningu Jóns Sigurðssonar, Jóns bassa, sem kallaður var, fyrir litla hljómsveit. Útsetning Jóns Þórarinssonar liggur til grundvallar raddsetningu minni fyrir blandaðan kór, sem birtist hér.

Gylfi brallaði fleira á menntaskólaárunum en að komponera „Hönnu litlu“ og gera hosur sínar grænar fyrir móður minni, sem síðar varð. Sigurður E. Guðmundsson sagnfræðingur, fyrrum framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins og höfundur ævisögu Gylfa í *Andvara* 2009³ gróf upp gömul skólaljóð, sem höfðu birt í *Skólablaði* Menntaskólans í Reykjavík árin 1935-1949,⁴ og þar er þetta kvæði frá 1935, yfir fangamarkinu G.P.G.:

Er einn ég geng

Er einn ég geng á niðadimmri nóttu
í næturkyrrð, ég yrki kvæðin flest.
Og nóttin hlustar, því nóttin heyrir til mín,
og nóttin skilur hugsun mína best.

Ég segi henni um ástir mínar allar,
og ein hún þekkir hugarfylgsni mín,
og myrkrið brosir, því myrkrið hlustar á mig,
og myrkrið flytur kveðjuna til þín.

Það ber þér hana í breiðum faðmi sínum,
það ber svo hljótt þér ástarorðin mín.
Og kyrrðin hlustar, og kyrrðin við mér brosir,
því kyrrðin veit um ást mína til þín.

G.P.G.

Ég vissi ekki um þetta kvæði fyrr en Sigurður E. Guðmundsson sagði mér frá því 2010, nema ég hafi steingleymt því. Sigurður flutti kvæðið í ræðu sinni við afhjúpun brjóstmyndarinnar í Hátíðasalnum. Að lokinni ræðu gekk Sigurður til mín og sagði hljóðlega: Þorvaldur minn, nú skalt þú semja lag við kvæðið hans föður þíns. Ég hlýddi. Hér er lagið, handa blönduðum kór. Ég sný formúlu föður míns á hvolf. Lögin hans eru flest í fjörlegum dúr með angurværum millikafla í moll. Þetta lag er í moll með glaðlegum miðkafla í dúr. Ástarjátningar mega helzt ekki vera í moll.

³ Sigurður E. Guðmundsson (2009), „Gylfi Þ. Gíslason“, *Andvari*, 134. ár, nýr flokkur LI, bls. 13-80.

⁴ *Skólaljóð 1935-1949* (1967), vísir að úrvali ljóða þeirra, er birtust í 11.-25. árgangi *Skólablaðsins*, Sigurður Pálsson valdi ljóðin, Málfundafélagið „Framtíðin“, Reykjavík.